

Jafnréttisáætlun Fljótsdalshrepps 2020 - 2023

Jafnræðisregla stjórnarskrárinnar kveður á um að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu. Sérstaklega er kveðið á um jafnan rétt kvenna og karla.

Jafnræðisregla stjórnarskrárinnar er grundvöllur jafnréttisáætlunar Fljótsdalshrepps. Sveitarstjórn fer með málefni jafnréttisnefndar.

1. Inngangur.

Jafnréttisáætlun Fljótsdalshrepps byggir á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, lögum nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði og lögum nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði. Jafnréttisáætlunin tekur til stjórnkerfis og starfsmanna sveitarfélagsins annars vegar og hins vegar til þeirrar starfsemi og þjónustu sem sveitarfélagið veitir íbúunum.

2. Markmið

Markmið jafnréttisáætlunar er að stuðla að jafnri stöðu kynja í Fljótsdalshreppi og jöfnun möguleika til að nýta sér það lagalega jafnrétti sem er til staðar. Þetta á við um menntun, atvinnulíf og félagslíf. Það er stefna Fljótsdalshrepps að kynin njóti sömu tækifæra, fái sömu laun fyrir sömu vinnu og hafi sömu réttindi og sömu möguleika til áhrifa í samfélaginu.

3. Ákvæði vegna stjórnkerfis sveitarfélagsins.

- **Nefndir og ráð (15.gr.)**

Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum Fljótsdalshrepps skal gæta þess að hlutföll kynja séu sem jöfnust, og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Þetta er gert til að tryggja sjónarmið og áhrif bæði karla og kvenna, við ákvarðanatöku og stefnumótun í samfélaginu.

Aðgerð: Taka saman kynjahlutföll í nefndum á vegum sveitarfélagsins og ræða í sveitarstjórn. Ef hallar á annað kynið í ákveðnum nefndum skal bregðast við því.

Ábyrgð: Sveitarstjóri / oddviti.

Tímarammi: desember 2020 og 2022.

- **Kynjasambætting (12. og 17. gr)**

Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlunargerð á vegum sveitarfélagsins.

Aðgerð: Fræðsla um kynjasambættingu og skyldur sveitarfélaga samkv. jafnréttislögum

Ábyrgð: Sveitarstjóri / oddviti.

Tímarammi: Lokið desember 2020

4. Ákvæði vegna starfsmanna sveitarfélagsins.

- **Ráðningar starfsmanna (20. gr)**

Jafnréttissjónarmið skulu höfð í huga þegar ráðið er í stöður í sveitarfélaginu.

Við ráðningar er óheimilt að mismuna fólki s.s. á grundvelli fjölskyldustöðu, uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu. Kynin skulu njóta sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf.

- **Starfsmannakjör (19.gr.)**

Við ákvörðun launa og annarra starfskjara, úthlutun verkefna, tilfærslur í störfum og uppsagnir skal þess gætt að mismuna ekki eftir kynferði sbr. 19. gr. laga nr. 10/2008. Gæta skal þess að konur og karlar njóti sambærilegra kjara og starfsaðstæðna með vísan í 19.gr. laga nr. 10/2008.

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs (21. gr.).

Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Ráðstafanir þær skulu m.a. miða að því að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa atvinnulífs, þar með talið að starfsmönnum sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna.

Eftir því sem kostur er skal starfsfólki sveitarfélagsins gert kleift að samræma starfsskyldur sínar, skyldum gagnvart fjölskyldu. Mikilvægt er að bæði konur og karlar nýti sér rétt sinn til foreldra og fæðingarorlofs og skipti með sér umönnun veikra barna.

Eftir því sem kostur er skal hafa fundi á tímum er henta fjölskyldufólki og takmarka fundahöld á kvöldin og um helgar. Gera skal starfsfólki sveitarfélagsins kleift að sinna sínum skyldum gagnvart fjölskyldu

Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni (22. gr.).

Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.

Ef yfirmaður er kærður vegna ætlaðs kynbundins ofbeldis, ætlaðrar kynbundinnar áreitni eða ætlaðrar kynferðislegrar áreitni verður hann vanhæfur til að taka ákvarðanir í tengslum við starfsskilyrði kæranda á meðan meðferð málsins stendur yfir og skal þá næsti yfirmaður taka slíkar ákvarðanir.

5. Fjölskyldu, íþróttta- og æskulýðsmál.

Börnum óháð kyni skulu veitt sömu tækifæri til íþróttaiðkana og njóta sömu fjárveitinga á vegum sveitarfélagsins til íþróttta-og tómstundiðkana. Þá skal þess gætt að börn óháð kyni hafi sömu möguleika til sumarstarfa á vegum sveitarfélagsins.

Aðgerð: Taka saman og kyngreina styrkveitingar til íþróttta og tómstundamála.

Ábyrgð: Sveitarstjóri / oddviti.

Tímarammi: Lokið desember 2020

6. Kynning og endurskoðun

Jafnréttisáætlun þessi skal kynnt íbúum sveitarfélagsins og starfsmönnum.

Áætlunina skal endurskoða við upphafs hvers kjörtímabils og ný áætlun samþykkt í sveitarstjórn eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnarkosningar.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps 03.03 2020